

Nd.

508. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um meðferð utanríkismála.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

Hvers vegna hefur stjórnin eigi enn þá orðið við áskorun hins íslenska hluta ráðgjafarnefndarinnar samkvæmt 16. gr. sambandslaganna um það að hafa sjerstakt ráðherradæmi fyrir utanríkismálin?

Hvenær ætlar stjórnin að gera þetta?

Hvers vegna leitar stjórnin eigi fjárveitingar til þess að hafa sendimenn í Lundúnum og í Miðjarðarhafslöndunum?